

Innihald beiðna til Matsteymis Laugarássins

Við gerð beiðna til Matsteymis Laugarássins skal tilgreina eftirfarandi atriði á beiðnum. Miklu máli skiptir að beiðnir séu unnar vel og með þeim upplýsingum sem skipta máli fyrir mat teymisins. Teymið getur vísað illa unnum beiðnum frá og óskað eftir viðeigandi upplýsingum áður en teymið tekur að sér að skoða málið nánar.

Vert er að benda á að einstaklingurinn sem óskað er eftir þjónustu fyrir er áfram á ábyrgð beiðenda/tilvísanda meðan viðkomandi er í Matsteyminu. Teymið er ekki meðferðarteymi.

Hér að neðan eru leiðbeiningar fyrir fagaðila, hvaða upplýsingar skulu vera á beiðni.

Geðhvarfasjúkdómur 1 (Geðhvarfateymi):

Viðmiðanir:

- Einstaklingur á aldrinum 18-50 ára
- Hefur farið að lágmarki í eina veikindalotu en hámarki 3

Vinsamlegast tilgreinið:

Almennar upplýsingar:

- Nafn, aldur, kyn, hjúskaparstaða, búseta og framfærsla.
- Félagsleg staða og nám/atvinna.
- Hvaðan koma upplýsingarnar

Staðan:

- Hvert er vandamálið?
- Hversu lengi hefur það staðið yfir? Innlagnir eða aðrar íhlutanir?
- Ítarleg skýring á geðrofseinkennum og hugsanlegum neikvæðum einkennum
 - Hvers konar einkenni
 - Upphaf þeirra, hvernig þau byrjuðu og hvenær
 - Þróun einkenna.
 - Áhrif á færni, virkni, samskipti - aðrar afleiðingar einkenna.
- Meðferð nú?
 - Lyfjameðferð
 - Annað
- Neyslusaga
 - Hvaða efni, hversu mikið og lengi.
 - Einkenni í tengslum við neyslu.
 - Meðferðir?

Bakgrunnur/forsaga:

- Geðsaga
 - Hve margar veikindalotur hefur viðkomandi samtals fengið (þunglyndi, manía)?
 - Hvenær veiktist viðkomandi fyrst af geðrænum veikindum og hvernig lýstu þau veikindi sér?
 - Hvenær fékk viðkomandi fyrstu maníu og hvaða meðferð fékk hann (lyf, innlagnir), hvað stóð sú veikindalota lengi?
 - Lýsing á maníu:
 - Hefur viðkomandi fengið alvarlegt þunglyndi og hvaða meðferð var veitt (lyf, innlagnir), hvað stóð sú veikindalota lengi?
 - Var viðkomandi í sjálfsvígshættu eða skaðaði sig?
 - Hve oft hefur viðkomandi legið inni og hver var innlagnarástæða?
 - Hvenær fékk viðkomandi bipolar I greiningu? Hver setti þá greiningu?
 - Er viðkomandi með greindar einhverjar aðrar geðraskanir?
- Geðlyfjasaga
- Geðsaga í fjölskyldu
- Önnur meðferð eða þjónusta sem viðkomandi hefur fengið t.d. BUGL, sálfræðimat, þroskamat, einhverfumat o.s.frv.

Álit og plan tilvísanda (eftirlit fram að því að viðkomandi kemst í Geðhvarfateymi):